ORKUSTOFNUN
RAFORKUDEILD

VESTFJARÐAVIRKJANIR

VATNSFJARÐARVIRKJUN

Frumáætlun

AÐRIR VALKOSTIR Á GLÁMUSVÆÐI

Apríl 1977

ALMENNA VERKFRÆÐISTOFAN HF.
Fellsmúla 26, Reykjavík.

OS - ROD - 7710

ORKUSTOFNUN
RAFORKUDEILD

VESTFJARÐAVIRKJANIR

VATNSFJARÐARVIRKJUN

Frumáætlun

AÐRIR VALKOSTIR Á GLÁMUSVÆÐI

Apríl 1977

ALMENNA VERKFRÆÐISTOFAN HF.
Fellsmúla 26, Reykjavík.

OS - ROD - 7710

EFNISYFIRLIT

		BLS.
1.	INNGANGUR	1-1
2.	STAÐHÆTTIR	2-1
3.	TILHÖGUN	3-1
4.	LÝSING MANNVIRKJA	4-1
	4.1 Miðlanir og veitur	4-1
	4.1.1 Almennt	4-1
	4.1.2 Miðlun í Króköttavatni	4-1
	4.1.3 Miðlun í Stóra Eyjarvatni	4-2
	4.1.4 Miðlun í Kjálkavatni	4-3
	4.1.5 Veita úr Vatnsdalsá í Hólmavatn	4-5
	4.1.6 Inntaksmiðlun í Hólmavatni	4-6
	4.2 Vatnsvegir frá inntaki	4-8
	4.2.1 Almennt	4-8
	4.2.2 Inntaksmannvirki	4-8
	4.2.3 Lágþrýstipípa	4-8
	4.2.4 Þrýstijöfnun	4-9
	4.2.5 Háþrýstipípa	4-9
	4.2.6 Stálfóðruð þrýstigöng	4-9
	4.3 Stöðvarhús og íbúðarhús	4-9
	4.4 Vélar og rafbúnaður	4-10
5.	EFNI TIL MANNVIRKJAGERÐAR	5-1
6.	RENNSLISMÆLINGAR OG -ÁÆTLANIR	6-1
7.	AFL OG ORKA	7-1
	7.1 Stærð miðlana	7-1
	7.2 Orkuvinnslugeta og uppsett afl	7-3
8.	UMHVERFISMÁL	8-1

BLS.

9. EINKENNISSTÆRÐIR 9-1

9.1 Vatnasvið 9-1

9.2 Miðlunarlón 9-1

9.2.1 Hólmavatn 9-1
9.2.2 Krókóttavatn 9-2
9.2.3 Stóra-Eyjarvatn 9-2
9.2.4 Kjálkavatn 9-2

9.3 Stífla við Flókavatn 9-3

9.4 Veituskurður í Hólmavatn 9-3

9.5 Vatnsvegir að stöðvarhúsi 9-3

9.5.1 Trépípa 9-3
9.5.2 Jöfnunarmannvirki 9-3
9.5.3 Stálpípa 9-4
9.5.4 Þrýstigöng 9-4

9.6 Stöðvarhús 9-4

8.7 Vélakostur 9-4

9.7.1 Vatnsvél 9-4
9.7.2 Rafali 9-5
9.7.3 Spennar 9-5

9.8 Helstu magntölur 9-5

10. KOSTNAÐUR 10-1

10.1 Grundvöllur kostnaðaráætlunar 10-1

10.2 Kostnaðaryfirlit 30 MW virkjunar 10-3

10.3 Sundurliðuð kostnaðaráætlun 30MW virkjunar 10-4

11. NEÐANJARÐARSTÖÐ 11-1

11.1 Lýsing mannvirkja 11-1

11.2 Kostnaðaryfirlit 30MW neðanjarðarstöðvar 11-2

BLS.

12. TOPPAFLSTÖÐ 12-1

13. AÐRIR VIRKJUNARMÖGULEIKAR Á GLÁMUSVÆÐI 13-1

13.1 Yfirlit 13-1

13.2 Forsendur áætlana á norður- og austurhluta Glámusvæðis 13-2

13.3 Hvanneyrarvirkjun 13-6

13.4 Bessárdalsvirkjun 13-10

13.5 Skötufjarðarvirkjun 13-12

14. LOKAORÐ 14-1

TEIKNINGASKRÁ VATNSFJARÐARVIRKJUN

620-0-01	Glámusvæði - yfirlitsmynd
620-0-02	Yfirlitsmynd
620-0-03	Stífla við Hólmavatn og Stóra Eyjarvatn
620-0-04	Lokahús í göngum. Göng úr St.Eyjarvatni og Kjálkavatni
620-0-05	Botnrás og Inntak við Hólmavatn
620-0-06	Veituskurður úr Flókavatni í Hólmavatn, snið
620-0-07	Botnrás við Krókóttavatn. Stífla við Flókavatn
620-0-08	Stífla við Krókóttavatn og Kjálkavatn
620-0-09	Þrýstipípur, snið
620-0-10	Stöðvarhús
620-0-11	Stífluefni
620-0-12	Miðlunarlón. Kerfismynd, orkuvinnslugeta
620-0-13	Neðanjarðarstöð
620-0-14	Botnrás við Hólmavatn, inntak, neðanjarðarstöð
	AÐRAR VIRKJANIR
485-0-10	Hvanneyrarvirkjun - yfirlitsmynd
485-0-11	Skötufjarðarvirkjun. Bessárdalsvirkjun yfirlitsmynd
485-0-12	Skötufjarðarvirkjun

FYLGISKJAL 1: Efnisnámur

HEIMILDASKRÁ

[1] : Almenna verkfræðistofan h.f.
Vestfjarðavirkjanir, Dynjandi, Skúfnavötn
Rarik, júlí 1976

[2] : Verkfræðistofa Helga Sigvaldasonar
Vestfjarðavirkjanir, Athugun á orkuvinnslugetu og aflþörf Dynjandisvirkjunar og Skúfnavatnavirkjunar
Rarik, júlí 1976

[3] : Laufey Hannesdóttir
Vestfjarðavirkjanir, Glámusvæði
Orkustofnun, september 1976

[4] : Sveinn Þorgrímsson
Vestfjarðavirkjanir, Ísafjarðardjúp
Frumkönnun á byggingarefnum og jarðfræði
Orkustofnun, júní 1976

[5] : Gunnlaugur Jónsson
Vatnsfjarðarvirkjun
Orkustofnun, maí 1976

[6] : Verkfræðistofa Helga Sigvaldasonar
Bréf til orkumálastjóra dags. 15. ágúst 1976

[7] : Laufey Hannesdóttir
Vestfjarðarár, Dynjandi
Orkustofnun, janúar 1973

[8] : Almenna verkfræðistofan h.f.
Vestfjarðavirkjanir
Mjólká - Dynjandisá
Rarik, nóvember 1971

[9] : Rennslismælingar 1947 - 1966
Orkustofnun, Vatnamælingar, júlí 1967

[10] : Leifur Benediktsson
Vestfirðir, könnun á virkjunarmöguleikum
Orkustofnun, september 1975

[11] : Jón J. Fannberg
Bréf til orkumálastjóra dags. 5. febrúar 1974

[12] : Sveinn Þorgrímsson
Vestfjarðavirkjanir
Vatnsfjarðarvirkjun
Byggingarefni og jarðfræði
Orkustofnun, apríl 1977

[13] : Helgi Sigvaldason, Skúli Jóhannsson, Gunnar Ámundason
Orkuvinnslugeta virkjunarvalkosta á Norðurlandi
Orkustofnun, janúar 1976

1. INNGANGUR

Síðla árs 1976 fól Orkustofnun Almennu verkfræðistofunni h.f. að gera orkulega úttekt á Glámusvæðinu á Vestfjörðum að undanskildu Mjólkár- og Dynjandissvæðinu. Mjólkársvæðið er þegar fullvirkjað en Almenna verkfræðistofan h.f. gerði frumáætlun um virkjun Dynjandisár fyrir Rafmagnsveitur ríkisins árið 1976 [1] .

Veturinn 1975/76 voru fullgerð kort af Glámusvæðinu í mælikvarða 1:20000 með 5 m bili milli hæðarlína. Fyrri hluta árs 1976 gerði Raforkudeild Orkustofnunar nokkrar virkjunarathuganir á grundvelli hinna nýju korta. Niðurstöður eru birtar í [5] .

Þær eru í stuttu máli að Vatnsdalsá sé unnt að virkja á hagkvæman hátt og er gerð ákveðin tillaga að virkjun hennar. Ennfremur er gerð tillaga um virkjun vatns af norður- og austurhluta Glámusvæðis niður í Ísafjörð.

Sumarið 1976 mældi Orkustofnun stíflustæði, skurðleið og hugsanlega pípuleið fyrir Vatnsfjarðarvirkjun. Gerð var ítarleg leit að byggingarefnum, sýni tekin og rannsökuð. Jarðfræðikönnun fór fram á öllu virkjunarsvæði Vatnsdalsár og teiknuð voru jarðlagasnið af öllum stíflustæðum. Það er samdóma álit þeirra jarðfræðinga Orkustofnunar sem um málið hafa fjallað að berggrunnur svæðisins sé ekki svo lekur að það valdi verulegum erfiðleikum við skurða eða gangagerð á svæðinu.

Hafnar voru rennslismælingar með kvarðaaflestri og haustið 1976 settu Vatnamælingar Orkustofnunar upp sírita í Vatnsdalsá við brúna. Samfelldar rennslismælingar höfðu ekki fyrr verið gerðar í Vatnsdalsá.

Skýrsla sú sem hér fer á eftir er byggð á eftirtöldum gögnum og athugunum auk þeirra sem getið er í heimildaskrá.

- Kortum bandaríska hersins í mælikvarða 1:50000.
- Kortum Orkustofnunar í mælikvarða 1:20000.
- Mælingum Orkustofnunar á stíflustæðum og veituleiðum sumarið 1976.
- Rennslismælingum Vatnamælinga Orkustofnunar.
- Niðurstöðum jarðfræðikönnunar Orkustofnunar sumarið 1976.
- Athugun á aðstæðum á virkjunarsvæði Vatnsdalsár gerðri af Almennu verkfræðistofunni h.f., haustið 1976.
- Áætlun um rennsli af Glámusvæði gerðri af Raforkudeild Orkustofnunar sumarið 1976.

Að beiðni Orkustofnunar voru gerðar tvær kostnaðaráætlanir, annars vegar fyrir orkuver með 6000 stunda nýtingartíma tengt inn á landskerfið, hins vegar toppaflsstöð með 47 MW uppsettu afli.

Kostnaðaráætlun miðast við verðlag og gengi í apríl 1976, svo að raunhæfur samanburður fáist við fyrri virkjanaáætlanir á Vestfjörðum.
Að ósk Orkustofnunar var tekið tillit til samræmds hönnunarstaðals fyrir Austurlandsvirkjun þar sem við átti.

Helstu niðurstöður áætlanagerðar þessarar eru þær að Vatnsfjarðarvirkjun sé hagkvæmasti virkjunarvalkosturinn á Glámusvæðinu eftir samtengingu Vestfjarða við samtengt Suður-,Norður- og Austurland.

Á norður- og austurhluta Glámusvæðis eru rannsóknir mun skemmra á veg komnar en á suðvesturhlutanum.

Niðurstöður þessara áætlana benda þó til að hagkvæmast muni að virkja Skötufjarðarsvæðið sér með 16,8 MW orkuveri í Skötufirði. Mjóafjarðar- og Ísafjarðarsvæðið virðast til muna óhagstæðari til virkjunar (sjá töflu 1.1).

Hafa ber í huga við skoðun töflu 1.1, að forrannsóknir eru lengst á veg komnar við Dynjandisvirkjun og Vatnsfjarðarvirkjun. Dynjandi hefur það þó fram yfir Vatnsdalsá að þar liggja fyrir samfelldar rennslismælingar, allt frá árinu 1958, en engar í Vatnsdalsá.
Dynjandi er því eini valkosturinn á Vestfjörðum sem hægt væri að ráðast í án teljandi viðbótarrannsókna.

Við Skötufjarðar-, Bessárdals-, Hvanneyrar- og Skúfnavatnavirkjun skortir rannsóknir á nothæfum byggingarefnum. Samfelldar rennslismælingar hafa aðeins verið gerðar við þá síðasttöldu.
Áætlanagerð er því bundin mun meiri óvissu en við Vatnsfjörð og Dynjanda.

Hér á eftir verður skýrt frá forsendum og niðurstöðum áætlana í einstökum atriðum.

Í lokaorðum er fjallað um nauðsynlegar framhaldsrannsóknir og í kafla 5 er lítillega vikið að umhverfismálum.

TAFLA 1.1

VIRKJUN	Virkjað rennsli	Stærð miðlana	Aukning orkuvinnslu-getu kerfis	Uppsett afl	Heildar-kostnaður áætlaður	Stofn-kostnaður á unna orkueiningu	Stofn-kostnaður á afleiningu
Eining	m^3/s	Gl	GWh/ári	MW	Mkr	kr/KWh/ári	Mkr/MW
Vatnsfjörður a)	7.60	65	180	30.0	6028	33	201
Vatnsfjörður b)	12.5	65	180	47.3	6582	37	139
Skötufjörður	4,09	36	101	16.8	3924	39	234
Bessárdalur	4.10	29	80	13.3	4381	55	329
Hvanneyrarvirkjun	2.04	15	43	7.2	2140	50	297
Dynjandi	5.85	20	51	8.5	1843	36.1	217
Skúfnavötn	7.80	50	95	16.0	4059	43	254

Það athugist við skoðun töflu 1.1, að sumir valkostir útiloka aðra.
Miðað er við ofanjarðarstöð í Vatnsfirði.

2. STAÐHÆTTIR (teikn. 620-0-01 og 620-0-02)

Vatnasvið Vatnsdalsár er hið stærsta einnar ár á Glámusvæðinu, rúmir 100 km^2 við ós. Upptök Vatnsdalsár eru í 650 - 700 m hæð yfir sjó og eru vatnaskil sameiginleg með henni og upptökum áa, sem falla til vesturs í Arnarfjörð, til norðurs og austurs í Skötufjörð, Mjóafjörð og Ísafjörð. Vatnasviðið nær upp í syðsta topp Glámu í 844 m hæð yfir sjó.

Vatnsdalsá rennur gegnum nokkur smávötn í vatn í 551 m hæð yfir sjó sem nefnt hefur verið Krókóttavatn. Þar eru möguleikar til miðlunar og er fyrirhugað að nýta þá. Úr Krókóttavatni rennur Vatnsdalsá í Flókavatn í 505 m hæð yfir sjó. Ofan Flókavatns sameinast Vatnsdalsánni þverá hennar ónafngreind, sem hefur um 15 km^2 stórt vatnasvið. Úr Flókavatni fellur Vatnsdalsáin niður í dal þann sem hún er nefnd eftir.

Innarlega í Vatnsdalnum fellur Austurá í Vatnsdalsá. Austurá á upptök sín í Hólmavatni (491 m hæð yfir sjó), þar sem fyrirhugað er inntakslón og miðlun fyrir Vatnsfjarðarvirkjun.

Vatnsdalur er rómaður fyrir fegurð, kjarri vaxinn meðfram Vatnsdalsvatni. Þar er hátíða- og útivistarsvæði fyrir Vestfirði. Vatnsdalur er alfriðaður.

Vegir hafa ekki verið lagðir um virkjunarsvæðið. Þó hefur verið rudd slóð af gamla Þingmannaheiðarveginum langleiðina upp að Hólmavatni.
Bílfært er einnig inn Vatnsdalinn að fyrirhuguðu stöðvarhúsi.

Helstu vegalengdir frá Vatnsfirði eru þessar:

Reykjavík 410 km
Ísafjörður 14o km
Patreksfjörður 70 km
Bíldudalur 50 km
Brjánslækur 10 km

Vegur til Patreksfjarðar liggur um einn fjallveg, Kleifarheiði og er honum haldið opnum á vetrum vegna mjólkurflutninga. Flugfélag Íslands hefur áætlunarflug tvisvar - þrisvar í viku til Patreksfjarðar. Þungir hlutir til virkjunarinnar yrðu væntanlega fluttir um Patreksfjarðarhöfn. Dynjandisheiði er lokuð á vetrum. Flóabátur hefur áætlunarferðir frá Brjánslæk til Stykkishólms á sumrum. Vegir til Reykjavíkur teppast á vetrum.

3. TILHÖGUN (teikn. 620-0-02)

Ráðgert er að stífla Vatnsdalsá neðan Flókavatns, sem er í 505 m hæð yfir sjó og veita henni um skurð í Hólmavatn, sem er í 491 m hæð yfir sjó.
Þar yrði inntakslón virkjunarinnar.

Gerð yrði stífla í Austurá er rennur úr Hólmavatni og þannig mynduð 19 Gl miðlun í vatninu.

Frá inntaki yrði vatn leitt um trépípu 4,5 km að jöfnunarmannvirkjum. Þaðan í grafinni stálpípu um 1,2 km, þá í 270 m stálfóðruðum fallgöngum, með halla 1:0,8 og loks um 260 metra löng stálfóðruð þrýstigöng að ofanjarðar stöðvarhúsi í Vatnsdal, um 2 km innan Vatnsdalsvatns í um 25 m hæð yfir sjó.

Vatnasvið virkjunar með framangreindu fyrirkomulagi yrði um 38,5 km^2.

Möguleikar eru á veitum og auknum miðlunum.

Neðri mörk meðalársrennslis af vatnasviði Hólmavatns eftir veitu úr Vatnsdalsá eru áætluð um 67 Gl. Séu innrennslistakmörk í miðlanir áætluð 80% af meðalársrennsli eins og kom í ljós við Stóra - Eyjarvatn er vatnafræðilega hagkvæmt að miðla a.m.k. 50 Gl. á þessu svæði. Hentugir staðir til miðlunar eru hins vegar fáir, og sá eini sem talið er hagkvæmt að nýta er í Krókóttavatni. Þar er gert ráð fyrir 12 Gl. miðlun.

Stóra-Eyjarvatn á vatnasviði Dynjandisár er stærsta stöðuvatn á Glámusvæðinu. Með 1400 m löngum jarðgöngum austur úr því yfir á vatnasvið Vatnsdalsár og stíflu í Dynjanda má miðla þar allt að 19 Gl. Vatnasvið Vatnsfjarðarvirkjunar stækkar við það um 14 km^2.

Kjálkavatn á vatnasviði Kjálkafjarðarár er einnig hægt að nýta sem miðlun fyrir Vatnsfjarðarvirkjun með 2100 m löngum jarðgöngum úr því til vesturs í Hólmavatn. Vatnasvið Kjálkavatns er um 8 km^2 en með lítilli fyrirhöfn má auka það í 9,3 km^2. Sá kostur fylgir gerð miðlunar í Kjálkavatni, að hægt er að veita yfirfallsvatni úr Krókóttavatni, af vatnasviði Vatnsdalsár, þar sem skortur er á miðlunum, austur í Kjálkavatn, en innrennslistakmörk á vatnasviði þess takmarka annars stærð miðlunar þar. Þannig er gert ráð fyrir allt að 15 Gl. miðlun í Kjálkavatni. Rétt er að geta þess að Kjálkavatn hefur enn ekki verið dýptarmælt og þar sem hér er gert ráð fyrir nokkrum niðurdrætti í því, þarf áætlun um miðlun þar endurskoðunar við er dýpt þess hefur verið mæld. Hugsanlegt væri að hækka stífluna neðan Kjálkavatns ef dýpt þess reynist rangt metin.
Með ofangreindum aðgerðum er vatnasvið virkjunar orðið um 62 km^2 og miðlunarrými um 65 Gl.

Nokkrir fleiri möguleikar eru til stækkunar á vatnasviði Vatnsfjarðarvirkjunar.
Má þar nefna veitu úr Nýrnavötnum með skurði suður í Kjálkavatn. Neðan Nýrnavatna mætti byggja stíflu svo að þar kæmi til greina að miðla allt að 9,5 Gl. Þar eð stíflustæði og skurðleið hafa ekki verið mæld verður aðeins á það bent hér, að þessi aðgerð virðist hagkvæm. Áætluð aukning orkuvinnslugetu er 25 Gwh/ári og lauslega áætlaður stofnkostnaður við orku komna í inntakslón í formi vatns er um 18 kr/kwh/ári.

Einnig má nefna veitu úr Hundsvatni með 8 km jarðgöngum þaðan í Nýrnavötn. Með stíflu í Hundsvatni og vatni í hæð 568 m yfir sjó og 1,5 km göngum milli þeirra má nýta 34 Gl. miðlun og 27 km^2 vatnasvið. Áætluð aukning orkuvinnslugetu er 90 Gwh/ári og lauslega áætlaður stofnkostnaður við orku komna í inntakslón í formi vatns er um 35 kr/kwh/ári.
Við áætlun á kostnaði við veitur úr Nýrnavötnum og Hundsvatni eru notaðar forsendur þær sem skýrt er frá í Kafla 13.2.

4. LÝSING MANNVIRKJA

4.1 MIÐLANIR OG VEITUR

4.1.1 Almennt

Allar stíflur verða jarðefnastíflur með þéttikjarna úr jökulruðningi.
Varðandi staðsetningu náma vísast til [12] og fylgiskjals 1.

4.1.2 Miðlun í Krókóttavatni (teikn. 620-0-07 og -08)

Gerð verður jarðstífla vestan og sunnan Krókóttavatns. Lengd stíflu verður um 1700 m og mesta hæð 13 m.

Hæð stíflukrónu verður 562,5 m yfir sjó.
Heildarefnismagn í stíflu er áætlað 123.600 m^3 og er þá gert ráð fyrir 1,5 m dýpi á klöpp.

Stífluefni verður tekið á eftirtöldum stöðum:

- Kjarnaefni verður sótt í námu norðan Krókóttavatns, merkta 22 á fylgiskjali 1.
- Síuefni fæst að hluta austan Hólmavatns, en afganginn þarf að sækja niður í Þingmannadal.
- Stoðfyllingarefni fæst að hluta úr sprengingum fyrir yfirfalli og úr göngum úr Stóra-Eyjarvatni en um 8000 m^3 verður að sérsprengja.
- Grjótvarnarefni þarf að sérsprengja.

Gert er ráð fyrir 50 m breiðu, niðursprengdu yfirfalli austan lónsins þannig að yfirfallsvatn renni í Kjálkavatn. Yfirfall verður 560 m yfir sjó. Steinsteypt botnrás verður í farvegi Vatnsdalsár. Þar er gert ráð fyrir lokubúnaði og lokahúsi uppi á stíflu.

Lægsta vatnsborð Krókóttavatns verður 551 m yfir sjó en hæsta vatnsborð í flóðum 560,5 m yfir sjó. Hönnunarflóð er 35 m^3/s. Lónstærð verður minnst 0,5 km^2 en mest 2,5 km^2.

Stofnkostnaður miðlunarmannvirkja í samræmi við ofansagt er áætlaður 14.0 kr/kWh/ári.

4.1.3 Miðlun í Stóra-Eyjarvatni
(teikn. 620-0-03 og 620-0-04)

Fyrirhugað er að miðla úr Stóra-Eyjarvatni. Með tæplega 1400 m löngum jarðgöngum austur úr því og byggingu jarðstíflu við Stóra-Eyjarvatnsós má geyma þar um 19 Gl.

Stíflan verður 470 m löng og hæst 6 m. Stíflukróna verður í 575,5 m hæð yfir sjó. Við reikning magntalna er dýpi á fast áætlað 1,5 m og heildarefnismagn í stíflu 25000 m^3.

Varðandi efnistöku í stíflu er gert ráð fyrir:

- að nýta kjarnaefni úr námu austan Stóra-Eyjarvatns, merkt 22 á fylgiskjali 1.
- að síuefni verði sótt niður í Þingmannadal.
- að stoðfyllingar- og grjótvarnarefni verði sótt austur fyrir Stóra-Eyjarvatn, en þar þarf að sprengja skurð frá gangamunna út í vatnið.

Yfirfall verður syðst í stíflu, 50 m breitt og steinsteypt. Yfirfall verður 573,0 m yfir sjó.

Jarðgögn verða gerð inn í Stóra-Eyjarvatn að austan. Þau verður að sprengja (bora) úr einni átt. Lengd þeirra verður 1365 m, flatarmál 6,0 m^2, botnhæð 550 m yfir sjó í vesturenda og halli 1 o/oo til austurs. Skurðir verða við báða gangamunna, 420 m að vestan og 60 m að austan. Göngin verða ófóðruð að mestu leyti. Gert er ráð fyrir falsi fyrir plankaloku við vestari gangamunna.
Í göngunum verður lokubúnaður. Gert er ráð fyrir lóðréttum 28 m djúpum "göngum" frá lokahúsi, sem staðsett verður yfir austurhluta ganganna. Aðalloka verður hjólaloka 1,0 m^2 að stærð, en hleraloka til vara. Stærð loka er valin þannig að tryggt sé lágmarksrennsli 6,5 m^3/s við lægsta vatnsborð og jafnframt að vatnshraði við hæsta vatnsborð fari ekki yfir 2,0 m/s, þótt fullopið sé.

Lægsta vatnsborð Stóra-Eyjarvatns verður 557,0 m yfir sjó, en hæsta vatnsborð í flóðum 573,5 m yfir sjó, þá munu renna 35 m^3/s um yfirfall.
Stofnkostnaður miðlunarmannvirkja við Stóra-Eyjarvatn í samræmi við ofansagt er áætlaður 7,3 kr/kWh/ári.

4.1.4 Miðlun í Kjálkavatni

(teikn. 620-0-08 og 620-0-04)

Í Kjálkavatni er fyrirhugað að miðla um 15 Gl. Til þess þarf að stífla útrennsli Kjálkavatns, Kjálkafjarðará, og gera 2,1 km löng jarðgöng vestur í Hólmavatn.

Stíflan verður 590 m löng og mesta hæð 12,0 m. Hæð stíflukrónu verður 522,0 m yfir sjó.

Við reikning magntalna var gert ráð fyrir 1,0 m dýpi á klöpp og heildarefnismagn áætlað 114.100 m^3.

Efnistaka í jarðstíflu er ráðgerð þannig:

- Kjarnaefni verði sótt í námu 21 (sjá fylgiskjal 1) í Þingmannadal.
- Síuefni verði sótt í námu 17 (sjá fylgiskjal 1) í Þingmannadal.
- Í stoðfyllingu og grjótvörn verði notað efni úr Kjálkavatnsgöngum og skurðum við enda þeirra. Mestallt verður þó að sérsprengja.

Yfirfall verður vestast í stíflu, 110 m langt og steinsteypt. Yfirfall verður í 519,5 m hæð yfir sjó.

Jarðgöng verða gerð inn í Kjálkavatn frá Hólmavatni. Þau verður að sprengja (bora) úr einni átt. Lengd ganga verður 2100 m, þversniðsflatarmál 6,0 m^2, botnhæð 493 m yfir sjó í austurenda og halli 1 o/oo til vesturs. Skurðir verða við báða gangamunna, 250 m langur austanmegin og 150 m að vestan. Göngin verða að mestu leyti ófóðruð.
Við Kjálkavatn er gert ráð fyrir steinsteyptu inntaki með falsi fyrir plankaloku.

Í göngunum verður lokubúnaður. Fyrirhuguð eru lóðrétt 35 m löng göng upp að lokahúsi Hólmavatnsmegin. Aðalloka verður rafknúin hjólaloka 1,2 m^2 að stærð, en hleraloka til vara. Stærð loku er valin á sama hátt og í göngum úr Stóra-Eyjarvatni sjá kafla 4.1.3. Var þá tekið tillit til þess, að eðlilegt er að ganga á Kjálkavatnsmiðlun á undan Hólmavatnsmiðlun, eftir því sem hægt er.

Lægsta vatnsborð Kjálkavatns verður 499,0 m yfir sjó, en hæsta vatnsborð í flóðum 520,0 m yfir sjó. Við þá vatnshæð afkastar yfirfallið 77 m^3/s.

Stofnkostnaður miðlunarmannvirkja við Kjálkavatn í samræmi við ofangreint er áætlaður á bilinu 15,4 - 16,9 kr/kWh/ári eftir því hvort miðað er við áætluð efri eða neðri mörk meðalársrennslis (sjá kafla 6).

4.1.5 Veita úr Vatnsdalsá í Hólmavatn
(teikn. 620-0-06)

Vatnsdalsá verður stífluð með lágri jarðstíflu neðan Flókavatns í 505 m hæð yfir sjó. Gerður verður skurður þaðan í Hólmavatn. Skurðurinn verður um 1400 m langur.

Hönnun skurðar byggist á því að tryggja sem mest vatnsdýpi við venjulegt rennsli og að hann geti jafnframt flutt nægilegt vatnsmagn í fyrstu vorflóðum til að hækka skjótt vatnsborðið í inntakslóninu, Hólmavatni. Taka þurfti tillit til þess að stíflustæði við Flókavatn er tiltölulega óhagkvæmt svo að æskilegt er að halda stíflu þar sem lægstri.

Þá er einnig hægt að nýta allt sprengt grjót úr skurði í stoðfyllingu, sem annars þyrfti að sérsprengja. Þessar forsendur leiða til þess að botnbreidd skurðar er valin 3,0 m, halli 1,5 o/oo og botnhæð við Flókavatn 503,0 m yfir sjó.
Fláí skurðveggja verður 1:0,25 í klöpp en 1:2 í lausu efni. Meðalvatnshraði við venjulegt rennsli verður minni en 1,0 m/s. Vatnsdýpi í skurði við mesta rennsli verður 3,0 - 3,5 m.

Stíflugarður meðfram skurði er um 250 m langur. Þversnið hans og krónuhæð er hin sama og stíflu við Flókavatn.

Jarðstíflan neðan Flókavatns er um 150 m löng auk 50 m langs steinsteypts yfirfalls.

Krónuhæð stíflu er 508 m yfir sjó en yfirfallshæð er 506,0 m yfir sjó.

Hæsta vatnsborð Flókavatns verður 506,5 m yfir sjó í mestu flóðum, en þá munu renna um skurðinn um 15 m^3/s auk 39 m^3/s um yfirfall.

Lægsta vatnsborð verður 503,0 m yfir sjó. Við magnáætlun í skurði og við stíflu var áætlað 1,5 m dýpi á klöpp. Efnismagn í stíflur er áætlað 20.000 m^3. Efnismagn í skurði er áætlað 55.000 m^3.

Efnistaka í stíflur er ráðgerð þannig:

- Kjarnaefni verði sótt í námu 22 (sjá fylgiskjal 1) norðan við Krókóttavatn.
- Síuefni verði mestallt tekið á áreyrum rétt við stífluna.
- Í stoðfyllingu og grjótvörn verði notað sprengt grjót úr skurði.

Sunnan til við skurðinn er gert ráð fyrir sprengdu 40 m breiðu yfirfalli fyrir Hólmavatnsmiðlun.

4.1.6 Inntaksmiðlun í Hólmavatni (teikn. 620-1-03 og-05)

Eins og áður er frá greint er inntakslón Vatnsfjarðarvirkjunar fyrirhugað í Hólmavatni. Þar er jafnframt hægt að miðla um 19 Gl og eykur það mjög rekstraröryggi virkjunarinnar.

Byggð verður stífla við útrennsli Hólmavatns, Austurá. Lengd stíflu verður um 880 m og krónuhæð 508,0 m yfir sjó. Mesta hæð stíflu er 17 m. Yfirfall verður sprengt út úr veituskurði frá Flókavatni. Breidd þess verður 40 m. Yfirfallsvatn rennur í Vatnsdalsá. Yfirfallshæð

er 505,5 m yfir sjó. Hæsta vatnsborð í lóni er áætlað 506,0 m yfir sjó, en þá munu renna um 20 m^3/s um yfirfallið.
Fari saman bilun í lokabúnaði Kjálkavatnsmiðlunar og stórflóð, er hugsanlegt allt að 30 m^3/s rennsli í Hólmavatn. Er þá gert ráð fyrir að botnrás Hólmavatnsstíflu verði opnuð. Flutningsgeta hennar er um 60 m^3/s við hæsta vatnsborð.

Lægsta vatnsborð í Hólmavatni verður 491,0 m yfir sjó, sem jafnframt er núverandi vatnsborð þess.

Við áætlun magntalna var gert ráð fyrir 1,5 m dýpi á klöpp. Heildarefnismagn í stíflu er áætlað 189.300 m^3.

Efnistaka í Hólmavatnsstíflu er ráðgerð þannig:

- Kjarnaefni verði sótt í námu norðan Krókóttavatns og í námu í Þingmannadal.
- Síuefni fáist allt austan og suðaustan Hólmavatns (sjá fylgiskjal 1).
- Í stoðfyllingu og grjótvörn verði notað efni úr skurðum meðan það endist. Afganginn verður að sérsprengja.

Botnrás er fyrirhuguð þar sem nú er Austurá. Gert er ráð fyrir að hún verði steypt með inntaki. Flutningsgeta botnrásar er 60 m^3/s við fullt lón en 25 m^3/s við tómt lón. Lokur verða tvær loftmegin við þéttikjarnann, rafknúin hjólaloka og handstýrð hleraloka til vara.
Á byggingartíma rynni Austurá um botnrásina.

4.2 VATNSVEGIR FRÁ INNTAKI

4.2.1 Almennt

Alls voru athugaðir 10 valkostir vatnsvega. Hér verður lýst þeirri lausn sem ódýrust virtist, miðað við hefðbundna mannvirkjagerð. Auk þess var athugaður möguleiki á notkun gangavélar og gerð neðanjarðarstöðvar og er þeim niðurstöðum lýst í kafla 11. Mesta rennsli er áætlað 7,60 m^3/s.

4.2.2 Inntaksmannvirki (teikn. 620-0-05)

Inntak er fyrirhugað þar sem Austurá fellur úr Hólmavatni. Það verður steinsteypt.

Þar verður lokahús með tveimur spjaldlokum og loftventli. Fremri lokinn er brotloki með fallvigt, en aftari lokinn er venjulegur spjaldloki rafknúinn og handknúinn. Lokum þessum er fjarstýrt frá stöðvarhúsi. Þvermál loka er 2000 mm.

4.2.3 Lágþrýstipípa (teikn. 620-0-02 og 620-0-09)

Frá inntaki liggur 4450 m löng trépípa til suðvesturs út fjallið. Innanmál pípu er 2000 mm.
Pípan er niðurgrafin. Hæð á neðri enda er um 460 m yfir sjó, og þar greinist hún í jöfnunarpípu og þrýstipípu úr stáli.

4.2.4 Þrýstijöfnun (teikn. 620-0-09)

Þrýstisveifla er jöfnuð í 195 m langri trépípu, 2,6 m að innanmáli og í turni við efri enda hennar. Þvermál turns er 5,2 m. Turninn nær 527 m yfir sjávarmál.

4.2.5 Háþrýstipípa (teikn. 620-0-09)

Neðan við jöfnunarpípu tekur við 1170 m löng stálpípa. Á henni eru 2 spjaldlokar í lokahúsi, annar sjálfvirkur brotloki, fjarstýrður hinn handstýrður. Stálpípan liggur fram á fjallsbrún í um 240 m yfir sjó og er grafin í jörð. Efsti hluti hennar er 1700 mm að innanmáli en neðsti hlutinn 1500 mm.

4.2.6 Stálfóðruð þrýstigöng (teikn. 620-0-09)

Frá fjallsbrún í um 240 m hæð er vatn leitt um stálfóðruð göng með halla 1:0.8 niður í um 30 m hæð yfir sjó og þaðan með litlum halla að stöðvarhúsi. Þvermál fóðringar er 1500 mm, nema síðustu metrana er hún grennist niður í 1200 mm.

4.3 STÖÐVARHÚS OG ÍBÚÐARHÚS (teikn. 620-0-10)

Gert er ráð fyrir ofanjarðarstöðvarhúsi um 2 km innan Vatnsdalsvatns. Húsið verður sprengt inn í hlíðina austan dalsins og frá því stuttur frárennslisskurður út í árfarveg. Mesta hæð hússins er 19,5 m, breidd 10,5 m og lengd 27 m.
Gert er ráð fyrir að byggð séu 3 stöðvarvarðahús í grennd við stöðvarhúsið, en staðsetning þeirra er ekki ákveðin á þessu stigi.

4.4 VÉLAR OG RAFBÚNAÐUR

Gert er ráð fyrir einni 30 MW vél af Pelton gerð. Vélin er 4 stúta á lóðréttum ás tengd beint við samása rafala 37,5 MVA. Snúningshraði er 428,6 snúningar á mínútu og spenna 11 kV.
Aflspennir er 40 MVA og spennir rafmagnið uppí 132 kV.
Stöðvarspennir er 1 MVA og spennir niður í 0,5 kV.
Gert er ráð fyrir SF_6 tengivirki, er staðsett sé í stöðvarhúsi og því ekkert útivirki við stöðina.

5. EFNI TIL MANNVIRKJAGERÐAR (teikn. 620-0-11 og fskj. 1)

Það er einkenni alls Vestfjarðahálendisins, að lítið er þar um laust efni. Skortur á nothæfum byggingarefnum á virkjunarsvæði getur ráðið úrslitum um hagkvæmni einstakra virkjunarvalkosta, þótt landfræðilegar aðstæður séu hagstæðar.

Sumarið 1976 var gerð ítarleg leit að nothæfum byggingarefnum á virkjunarsvæði Vatnsdalsár. Raforkudeild Orkustofnunar annaðist rannsóknir þessar og eru niðurstöður þeirra að finna í [12] , en verður getið hér lauslega.

Mórena nothæf í þéttikjarna fannst á tveimur stöðum; í Þingmannadal og norðan við Krókóttavatn, merkt 21 og 22 í fskj. 1. Kornadreifing sýna úr þessum námum er sýnd á teikn. 620-0-11 svo og niðurstöður þjöppunarprófs og lektarmælinga. Efnismagn er áætlað 80.000 m^3 í Þingmannadal og 60.000 m^3 morðan Krókóttavatns. Er það meira en nóg í þær stíflur, sem áætlun þessi gerir ráð fyrir og sem fylling næst trépípu.

Nothæft síuefni fannst á nokkrum stöðum en hvergi í miklu magni. Vinnsla þess mun því óhjákvæmilega verða nokkuð dýr. Helstu námur eru austan og suðaustan Hólmavatns samtals 33.000 m^3 og í Þingmannadal samtals 24.000 m^3, fylgiskjal 1.

Í stoðfyllingu og grjótvörn verður notað allt sprengt grjót sem til fellur við mannvirkjagerð.
Þó verður nauðsynlegt að sérsprengja um 220.000 m^3.

Ekki fannst neitt nothæft steypuefni á hálendi né í Vatnsdal.
Í Langholtsnámu við Birkimel og Kýrholti við Flókalund er efni sem nota má í steypu ef það er bætt með sandi. Enginn nothæfur sandur er í nágrenninu og má búast við að flytja þurfi hann langan veg að.

6. RENNSLISMÆLINGAR OG -ÁÆTLANIR

Eins og fram kemur í inngangi hófust samfelldar rennslismælingar í Vatnsdalsá sumarið 1976.
Miðlunarþörf og orkuvinnslugeta virkjana ræðst að miklu leyti af breytilegum eiginleikum rennslisins.
Ljóst er því að það eykur mjög á óvissu við virkjanaáætlanir þegar litlar sem engar rennslismælingar liggja fyrir. Oftast er þá reynt að áætla rennsli einstakra áa með samanburði við mælingar í nálægum ám eða út frá veðurfarsþáttum. Sé rennsli ár þannig áætlað, þarf þó að minnsta kosti 3-5 ára rennslismæling í sjálfri ánni að liggja fyrir.
Svo er ekki með Vatnsdalsá og er sú leið því ekki fær.

Samfelldar rennslismælingar hafa verið gerðar í Mjólká og Dynjanda næstum tvo áratugi. Vatnasvið þessara áa og Vatnsdalsár liggja saman sunnan í Glámu. Þar sem helstu rigningaráttir eru suðvestan og sunnanátt á þessum slóðum,virðist ekki ólíklegt að úrkoma sé svipuð á öllum vatnasviðunum. Rennsli Mjólkár og Dynjanda hefur fylgnistuðulinn r = 0,875 fyrir 15 ára mælt tímabil (1).
Afrennsli er heldur meira af vatnasvæði Dynjanda, sjá töflu 6.1.
Lindaráhrif eru sterkur þáttur í rennsli Mjólkár.
Í rennsli Dynjanda eru einnig nokkur lindaráhrif.
Að þessu leyti skera þessar tvær ár sig raunar úr öðrum ám, sem mældar hafa verið á Vestfjörðum.

Í töflu 6.1 eru teknar saman niðurstöður rennslismælinga nokkurra áa. Kemur þar fram hversu afrennslið er ólíkt á mismunandi stöðum.

TAFLA 6.1

VATNSFALL	MÆLD VATNSÁR	Vatnasvið km^2	Meðalrennsli Gl/ári	Meðalafrennsli l/s.km^2	Meðalúrkoma fram-komin sem afrennsli mm/ári
Dynjandi-Fjallfoss	58/59-73/74	40	100,2	79,1	2500
Dynjandi-Eyjarvatn	68/69-73/74	28	81,3	92,1	2900
Dynjandi-St.Eyjarvatn	66/67-73/74	14	24,3	55,0	1740
Mjólká v/rafstöð	59/60-73/74	31	72,0	73,6	2320
Þverá á Langadalsstr.	53/54-58/59	45	83,1	58,6	1850
Suður -Fossá	70/71-73/74	14	34,4	77,9	2460
Dynjandi-Fjallfoss	70/71-73/74	40	114,0	90,4	2850
Dynjandi-Eyjarvatn	70/71-73/74	28	89,3	101,1	3190
Dynjandi-St.Eyjarvatn	70/71-73/74	14	30,1	68,2	2150
Mjólká v/ rafstöð	70/71-73/74	31	78,8	80,6	2540
Suður -Fossá	70/71-73/74	14	34,4	77,9	2460

Sérstaklega kemur á óvart við skoðun meðalafrennslis, að það vatnasvið sem hefur mesta meðalhæð yfir sjó, Dynjandi-Stóra Eyjarvatn hefur minnst afrennsli. Yfirleitt fer meðalúrkoma vaxandi með hæð yfir sjó. Ýmsar skýringar hafa verið gefnar á þessu misræmi í [8] og [3] :

- Verið getur að raunverulegt vatnasvið Stóra-Eyjarvatns sé minna en yfirborðsvatnasvið, þ.e. vatn leki um sprungur og lagmót yfir á nálæg vatnasvið.
- Hugsanlega skefur snjó af vatnasviðinu niður á vatnasvið Eyjarvatns í austan- og norðaustan átt.

Sumarið 1974 voru gerðar nokkrar stakar rennslismælingar á ám á Vestfjörðum sjá [3] . Í töflu 6.2 eru sýndar niðurstöður mælinga í Vatnsdalsá og Dynjanda. Þar eru einnig sýndar stakar mælingar Vatnamælinga Orkustofnunar frá 1965 [9] .
Allar þessar mælingar eru gerðar að sumarlagi.
Í ljós kemur að fylgnistuðullinn er r = 0,966.
Afrennsli vatnasviðs Vatnsdalsár er um 73% af afrennsli vatnasviðs Dynjanda með staðalfráviki S = 10%.
Þessar mælingar benda því til þess að meðalafrennsli vatnasviðs Vatnsdalsár sé um eða innan við 60 l/s km^2.
Það skal tekið fram að óvarlegt er að reiða sig um of á þessar niðurstöður, þar sem engar samanburðarmælingar liggja fyrir að vetrinum.

TAFLA 6.2 (Heimildir: [3] og [9])

VATNSFALL	VATNSDALSÁ		DYNJANDI			
MÆLISTAÐUR	BRÚ		Vhm 19	Vhm 104	Vhm 135	
VATNASVIÐ	100 km^2		40 km^2	28 km^2	14 km^2	
Eining / Dags.	l/s km^2	l/s km^2	l/s km^2	l/s km^2	l/s km^2	ATHUGASEMDIR
22/6/74	96		126	135	107	
12/7/74	98		118	145	126	
16/7/74	67		103	125	107	
17/7/74	67		103	145	107	
19/7/74	103	Flókavatn 258	126	156	141	Rigning 18 og 19/7
20/7/74	105		123	145	141	
21/7/74	93	Krókóttav. 165	114	135	134	
22/7/74	78		106	120	120	
24/7/74	60		91	111	93	
15/8/74	36		67	79	61	
7/6/65	37,6		60			
10/7/65	90,4		110			

Við gerð þessarar skýrslu er valinn sá kostur að gera ráð fyrir sama breytileika í rennsli að miðlunum Vatnsfjarðarvirkjunar og mælst hefur úr Stóra-Eyjarvatni. Áætluð eru líkleg neðri mörk og líkleg efri mörk afrennslis. Neðri mörkin eru 55 l/s km^2 (sama og af Stóra-Eyjarvatnssvæðinu), en efri mörkin eru 85 l/s km^2, nema á Stóra-Eyjarvatnssvæðinu, 55 l/s km^2. Ástæðan til þess að efri mörkin eru ekki sett 93 l/s km^2 eins og mælst hefur af Eyjarvatnssvæðinu er sú að vetrarmælingar þar eru truflaðar af ís [3].
Þessi mörk eru lögð til grundvallar áætlun orkuvinnslugetu virkjunarinnar svo og miðlunarstærð.

7. AFL OG ORKA (teikn. 620-0-12)

7.1 STÆRÐ MIÐLANA

Eins og fram kemur í kafla 6 hér á undan eru ekki tiltækar neinar samfelldar rennslismælingar í Vatnsdalsá. Eru því áætluð líkleg efri og neðri mörk meðalárs-rennslis, tafla 7.1.
Innrennslistakmörk í miðlun eru áætluð 78% af meðalárs-rennsli.

TAFLA 7.1

MIÐLUN	VATNASVIÐ	MEÐALÁRS-VATN NEÐRI MÖRK	MEÐALÁRS-VATN EFRI MÖRK	INNRENNSLIS-TAKMÖRK NEÐRI MÖRK	INNRENNSLIS-TAKMÖRK EFRI MÖRK	MIÐLUNAR-STÆRÐ
	km^2	Gl/ári	Gl/ári	Gl/ári	Gl/ári	Gl
Hólmavatn	25,3	43,9	67,8	34,2	52,9	19
Krókóttavatn	13,1	22,7	35,1	17,7	27,4	12
St.-Eyjarvatn	14,0	24,3	24,3	19,0	19,0	19
Kjálkavatn	9,3	16,1	24,9	12,6	19,4	15
SAMTALS	61,7	107,0	152,1	83,5	118,7	65

Í töflu 7.1. er sýnd áætluð stærð miðlana. Þess ber að gæta þegar skoðuð er stærð miðlunar í Kjálkavatni, að gert er ráð fyrir að yfirfallsvatn úr Krókóttavatni komi fram í Kjálkavatni.

Skortur á innrennsli takmarkar stærð miðlunar í Stóra-Eyjarvatni, sem annars er mjög hagstæð.

Stærð annarra miðlana er ákveðin þannig, að stofnkostnaður aukinnar miðlunar á hverja unna orkueiningu fari ekki yfir 20 kr/kwh/ári.
Í ofangreindum stofnkostnaði er undanskilinn aukinn kostnaður við yfirfall og botnrásir en meðtalið 15% ófyrirséð, 10% í hönnun og umsjón og 12% í vexti á byggingartíma.

Á teikningu 620-0-12 er sýnt nýtanlegt vatnsmagn í lóni, efnismagn í stíflu og flatarmál lóna fyrir allar fjórar miðlanirnar sem fall af vatnsborðhæð. Þess ber að gæta við skoðun þessara línurita að gert er ráð fyrir niðurdrætti í Stóra-Eyjarvatni og Kjálkavatni niður fyrir náttúrulegt vatnsborð. Við áætlun nýtanlegs miðlunarrýmis lóna er tekið tillit til þess að hluti vatnsins binst sem ís að vetri og nýtist því ekki til miðlunar. Gert er ráð fyrir að vatnsmagn þetta svari til 1,0 m þykks lags af ís á fullu lóni að frádregnu því vatni sem áætlað er að ísinn ryðji frá sér við lægsta vatnsborð.

Ljóst er að áætlun sú er hér er lýst á stærð miðlana þarf endurskoðunar við þegar meira er vitað um aðrennsli þeirra.

Rétt er að það komi skýrt fram, að forsenda fyrir ofangreindum hagkvæmisáætlunum á stærð miðlana er að Vatnsfjarðarvirkjun framleiði inn á samtengt landskerfi, þ.e. Vestfjarðakerfið hafi áður verið tengt landskerfinu. Engin athugun var gerð á framleiðslu inn á einangrað Vestfjarðakerfi.

7.2 ORKUVINNSLUGETA OG UPPSETT AFL

Á teikningu 620-0-12 er sýnd kerfismynd Vatnsfjarðarvirkjunar í samrekstri við samtengt allt landið. Þar er einnig sýnd áætlun á aukningu orkuvinnslugetu kerfisins með tilkomu Vatnsfjarðarvirkjunar miðað við þær rennslisforsendur sem frá var greint í kafla 6. Gert er ráð fyrir markaðssamsetningunni 75% stóriðja og 25% almenn notkun eins og venja hefur verið undanfarin ár í sambærilegum áætlunum. Engin athugun er gerð á orkuvinnslugetu einangraðs Vestfjarðakerfis eftir Vatnsfjarðarvirkjun.

Í töflu 7.2 er sýnd áætluð aukning orkuvinnslugetu og aflþörf fyrir áætluð efri og neðri mörk rennslis og mismunandi samsetningu miðlana miðað við ofangreindan markað.

TAFLA 7.2

VATNASVIÐ	Miðlun	Gl	Áætluð orkuvinnslugeta Gwh/ári		Aflþörf MW	
			LM	HM	LM	HM
		0	27	42	4,5	7,0
	Hólmavatn	19	67	82	11,2	13,7
VATNSDALSÁ	+ Hólmavatn + Krókóttav.	31	92	107	15,3	17,8
		0	37	52	6,2	8,7
VATNSDALSÁ + STÓRA EYJARVATN	+ Hólmavatn + Krókóttav. + St.Eyjarv.	50	142	157	23,6	26,2
		0	44	63	7,3	10,5
VATNSDALSÁ + STÓRA EYJARVATN+ KJÁLKAVATN	+ Hólmavatn + Krókóttav. + St.Eyjarv. + Kjálkavatn	65	180	199	30,0	33,2

LM: miðað við áætluð neðri mörk rennslis

HM: miðað við áætluð efri mörk rennslis

Miðlunaráhrifin eru 2,08 GWh/ári/Gl eða 1,89 GWh/ári á hverja GWh í miðlun.

Í skýrslu Orkustofnunar frá janúar 1976 - Orkuvinnslugeta virkjunarvalkosta á Norðurlandi- eftir verkfræðingana Helga Sigvaldason, Skúla Jóhannsson og Gunnar Ámundason [13] voru settar fram samræmdar hönnunarforsendur fyrir aflþörf virkjana inn á landskerfið. Þar er gerr ráð fyrir 6000 klst/ári nýtingartíma uppsetts afls.
Í samræmi við þær forsendur er aflþörf Vatnsfjarðarvirkjunar ákvörðuð (tafla 7.2).

Miðað við ofangreindar forsendur og áætlun þá, er hér að framan er lýst, vex orkuvinnslugeta landskerfisins um 180 - 199 GWh/ári með tilkomu 30 - 33,2 MW virkjunar í Vatnsdal.

Vegna ráðagerða um stofnun Orkubús Vestfjarða sem sjálfstæðs rekstraraðila virkjana á Vestfjörðum er skylt að leggja áherslu á að tölur þær sem nefndar hafa verið hér að framan um aukningu orkuvinnslugetu kerfis með tilkomu Vatnsfjarðarvirkjunar eru miðaðar við allt landið samtengt, en ekkert hefur verið um það sagt hversu mikill hluti aukningarinnar verður framleiddur í Vatnsfjarðarvirkjun.
Hér er því aðeins um að ræða þá aukningu á orkuvinnslugetu sem ætla má að einn rekstraraðili alls landskerfisins fengi með tilkomu Vatnsfjarðarvirkjunar án tillits til þess hvort aukningin verður að hluta í t.d. Sigöldu-virkjun, Kröflu, Mjólkárvirkjun eða Vatnsfjarðarvirkjun.

8. UMHVERFISMÁL

Engin skipuleg athugun hefur farið fram á áhrifum virkjunar Vatnsdalsár á lífríki og umhverfi hennar.

Hér verður aðeins vikið stuttlega að nokkrum þáttum þessa máls.

Töluvert landssvæði fer undir vatn við miðlunarlónin. Allt er það land ógróið, berar klappir, urðir eða malarkambar. Veruleg vatnsborðssveifla verður í öllum miðlunarlónum.

Stefnt hefur verið að því við gerð þessarar áætlunar, að sem minnst röskun verði í Vatnsdal, sem er friðlýstur og auk þess útivistar- og samkomustaður Vestfirðinga. Í hvorugum þeirra valkosta, sem hér eru settir fram er gert ráð fyrir að vatnsvegir sjáist úr dalnum.

Verði stöðvarhús neðanjarðar og rafmagnsúttak uppi við Hólmavatn munu engin mannvirki sjást í Vatnsdal utan tveggja gangamunna og stöðvarvarðahúsa. Nokkurt rask verður að sjálfsögðu á byggingartíma en úr því má bæta að framkvæmdum loknum.
Gert er ráð fyrir að efni úr göngum verði notað til að hækka upp veg meðfram Vatnsdalsvatni og framlengja hann að stöðvarvarðahúsum og gangamunna.

Verði tekinn sá kostur að hafa stöðvarhús ofanjarðar mun það óneitanlega setja nokkurn svip á innanverðan dalinn. Gert er ráð fyrir að háspennuvirkið verði inni í stöðvarhúsinu.
Rennsli Vatnsdalsár mun jafnast verulega frá því sem nú er. Vatnsborð í Vatnsdalsvatni verður því stöðugra. Búast má við mun meira vetrarrennsli.

Verði byggð miðlun í Stóra Eyjarvatni fyrir Vatnsfjarðarvirkjun mun það hafa einhver áhrif á rennsli um Fjallfoss í Dynjanda. Í [2] eru birt línurit (5.1 - 5.6) er sýna áætlað rennsli um Fjallfoss við mismunandi virkjanatilhaganir. Sú tilhögun sem hér er gerð áætlun um hefur í för með sér minnsta breytingu á rennsli um Fjallfoss. "Röskun náttúrulegs rennslis er mjög óveruleg á öllum árstíðum", segir í [2] bls. 46.

9. EINKENNISSTÆRÐIR

9.1 Vatnasvið

Vatnsdalsá við vhm	100 km^2
Vatnsdalsá við útrennsli Flókavatns	34 km^2
Miðlunarlón í Krókóttavatni	13 km^2
Miðlun í Stóra-Eyjarvatni	14 km^2
Miðlun í Kjálkavatni	9,3 km^2
Vatnasvið alls við inntak	62 km^2

9.2 Miðlunarlón

9.2.1 Hólmavatn

Rúmmál, nýtanlegt	19 Gl
Hæsta vatnsborð	506,5 m y.s.
Lægsta vatnsborð	491,0 m y.s.
Flatarmál lóns stærst	1,99 km^2
Flatarmál lóns minnst	0,73 km^2
Lengd stíflu	880 m
Mesta hæð stíflu	17 m
Breidd yfirfalls	40 m
Þversniðs flatarmál botnrásar	3,82 m^2

9.2.2 Krókóttavatn

Rúmmál, nýtanlegt	12 Gl
Hæsta vatnsborð	560,5 m y.s.
Lægsta vatnsborð	551,0 m y.s.
Flatarmál lóns stærst	2,54 km^2
Flatarmál lóns minnst	0,50 km^2
Lengd stíflu	1700 m
Mesta hæð stíflu	13 m
Breidd yfirfalls	50 m
Þversniðs flatarmál botnrásar	3,1 m^2

9.2.3 Stóra-Eyjarvatn

Rúmmál, nýtanlegt	19 Gl
Hæsta vatnsborð	573,5 m y.s.
Lægsta vatnsborð	557,0 m y.s.
Flatarmál lóns stærst	1,75 km^2
Flatarmál lóns minnst	0,79 km^2
Lengd stíflu	470 m
Mesta hæð stíflu	6 m
Breidd yfirfalls	50 m
Lengd jarðganga	1365 m
Þversniðs flatarmál ganga	6,0 m^2

9.2.4 Kjálkavatn

Rúmmál, nýtanlegt	15 Gl
Hæsta vatnsborð	520,0 m y.s.
Lægsta vatnsborð	499,0 m y.s.
Flatarmál lóns stærst	1,13 km^2
Flatarmál lóns minnst (áætlað)	0,15 km^2
Lengd stíflu	590 m
Mesta hæð stíflu	12 m
Breidd yfirfalls	110 m
Lengd jarðganga	2100 m
Þversniðs flatarmál ganga	6,0 m^2

9.3 Stífla við Flókavatn

Lengd stíflu	200 m
Breidd yfirfalls	50 m
Mesta hæð stíflu	4 m

9.4 Veituskurður í Hólmavatn

Lengd skurðar	1400 m
Mesta dýpi	14 m
Botnbreidd	3 m
Lengd stíflu á skurðbakka	250 m
Mesta hæð stíflu	5 m

9.5 Vatnsvegir að stöðvarhúsi

9.5.1 Trépípa

Lengd	4450 m
Þvermál	2,0 m

9.5.2 Jöfnunarmannvirki

Trépípa lengd	195 m
Trépípa þvermál	2,6 m
Jöfnunarturn hæð	10,0 m
Jöfnunarturn þvermál	5,2 m
Jöfnunarturn hæð yfir sjó	522 m y.s.

9.5.3 Stálpípa

Lengd	1170 m
Þvermál	1,7-1,5 m
Þyngd	650 tonn
Stálgæði	St37-3

9.5.4 Þrýstigöng

Lengd	530 m
Innanmál stálfóðringar	1,50 m
Þyngd stálfóðringar	410 tonn

9.6 Stöðvarhús

Rúmmál	4000 m^3
Lengd	27 m
Breidd	10,7 m
Mesta hæð	19,5 m

9.7 Vélakostur

9.7.1 Vatnsvél

Tegund	Pelton, lóðréttur ás
Fjöldi stúta	4
Afl	30 MW
Rennsli Q_{max}	7,6 m^3/sek.
Nettófallhæð	449 m
Nýtnistuðull	0,90

9.7.2 Rafali

Þriggja fasa, samása	37,5	MVA
